



Borgarbókasafnið 2020

Skrifstofan:  
Margt smátt

Skrifstofan: Margt smátt

© Höfundar efnis 2020

Ritstjórn: Sunna Dís Másdóttir

Höfundar eru þátttakendur á námskeiðinu  
Margt smátt. Námskeiðið var haldið á  
Skrifstofunni, Borgarbókasafninu Kringlunni,  
vorið 2020.

Leiðbeinandi var Sunna Dís Másdóttir.

Kápa og umbrot: Droplaug Benediktsdóttir

Borgarbókasafn Reykjavíkur 2020.

## Margt smátt gerir margt stórt

Á vorönn 2020 tókust tuttugu höfundar á hendur ferðalag inn á lendum smásögunnar á námskeiðinu Margt smátt. Mánuðina sem ferðalag okkar stóð varð landslag heimsins eins og við höfum kynnst honum sífellt ókunnuglegra. Við stóðum frammi fyrir nýjum veruleika. Samkomubann setti mark sitt á námskeiðshaldið og gjöfulir fundir okkar á Skrifstofunni, ritsmiðaverkstæðinu á Borgarbókasafninu í Kringlunni, féllu niður. Það gleður mig því alveg sérstaklega að geta nú fagnað útgáfu tólf nýrra smásagna sem þrátt fyrir allt litu dagsins ljós á námskeiðinu. Þótt sumir höfundar hafi orðið frá að hverfa vegna aðstæðna fundu aðrir fró í því að hverfa um hríð inn í skáldskap, inn í sögur, inn í heim orðanna – þar sem við getum öll sameinast þrátt fyrir þau boð og bönn sem kunna að ríkja í raunheimum.

Höfundum þakka ég sérstaklega fyrir þolinmæði og aðlögunarhæfni og, eins og endranær, einstaklega gefandi samfylgd og samstarf.

Sunna Dís Másdóttir, leiðbeinandi

## Veran

Kalli varð að treysta á önnur skynfæri en augun núna. Aðstæður voru ekki eins og í könnunarferðinni um daginn. Nú var gangurinn teygður og afbakaður eins og í lélegri hryllingsmynd. Ljosið tróð sér á milli lokaðra augnlokanna og málaði heiminn hvítan. En lyktin framundan var sú sama, staðið blóð. Hann var þá á réttri leið og hélt áfram að skynja umhverfið með hrömmunum. Þreifaði sig varlega áfram. Kalli andaði inn og út gegnum munninn og beitti sig hörðu til að geta tekið nokkur skref nær vígvellinum.

Kannski var vígvöllur ekki rétta orðið, þetta var eitthvað miklu verra. Kalli hafði gengið í gegnum ýmislegt í dönskum herskóla og upplifað hræðilega hluti í Irak, en ekkert gat búið hann undir þetta. Ægileg öskrin voru eitt, en þögnin milli þeirra var verri. Var þetta síðasta öskrið hennar? Var þessu lokið?

Nokkur erfið og þung skref í viðbót og þá var hann kominn að hurð við enda gangsins. Kalli tók á öllum sínum mætti og opnaði dyrnar varlega. Það var eins og að hann hefði skrúfað frá nýrri bylgju af kvalafullum ópum við að opna dyrnar. Hvert blæbrigði sársauka hennar var eins og nóta. Hver nóta átti sinn stað í huga Kalla. Það var spilað heilt tónverk á líkama hans með glóandi tóngum, sem skildu þó ekki eftir ör, annað en ástin hans sem kvaldist raunverulega þarna fyrir innan.

Ómeðvitað beygði Kalli sig þegar hann fór í gegnum dyrnar til að reka ekki höfuðið í. Honum tókst að loka varlega á eftir sér. Stella hljóðnaði og óhugnanlegur tómleiki tók aftur við. Ljósgeislarnir hér inni voru ekki eins ágengir. Augun fundu sitt rétta hlutverk aftur. Þá sá hann Stellu liggjandi í rauðum polli í seilingarfjarlægð. Hann kyngdi eigin sársauka og kvölum og fann bragð af ryðguðu járn. Hvenær lýkur þessu?

Eitt stutt hróp og svo aftur hlé, þögn sem var hærri en öskrin. Stella hreyfingarlaus, tíminn stopp. Hann þorði ekki að anda, eins og hann væri hræddur um að draga síðasta andardráttinn frá henni. Svo byrjaði líkami hennar að skjálfa, hrópin fylltu herbergið og skeiðklukka tímans tikkaði áfram.

Kalla fannst eins og tekið væri utan um hann og hann dreginn nær látum vígvallarins. Hann skynjaði hlýju og góðvild í þessari snertingu og tókst að taka nokkur óstyrk skref nær. Þá sá hann glitta í kvalarann í fyrsta skipti. Höfuðið, stórt, slímugt, loðið og ómennskt. Stella stoppaði tímann aftur í stundarkorn.

Eyrun á Kalla fylltust aftur af tónum þjáningar og við það virtist veran eflast, taka á sig rögg og mjaka sér enn nær honum í rauða pollinum. Svo sneri hún sér skyndilega og dökkt andlitið kom í ljós. Ærandi þögn fyllti herbergið.

Eitthvað innra með honum brast og hann rétti fram hendurnar, eins og hann væri að segja taktu mig frekar en Stellu. Síðasta ámátlega öskrið fæddist á

vörum hennar og dó svo rólega út. Þessu var að ljúka. Veran kom enn nær og var nú öll sýnileg. Grár, loðinn, ógeðslegur kroppur með höfuð og fimm útlími, allur í keng og afbakaður. Alveg upp við Stellu, sem lá þarna í blóði, slími og bögn.

Kalli gerði sér grein fyrir því að hann ætti næsta leik, þessu var þá lokið. Hann skoðaði ófrýnilega veruna betur í návígi. Hún var ekki ólík manneskju, sokkin augu, lítið nef og stór lokaður munnur í ófrýnilegu andlitinu. Veran opnaði annað augað og horfði beint á Kalla. Honum fannst hún horfa beint inn í sál sína, tengjast honum, skynja sársaukann, vera hluti af honum, vilja komast til hans. Lítil rífa kom á munninn og tunga gægðist varlega út, bragðaði á umhverfinu og blóðinu. Kjafturinn opnaðist upp á gátt og veran dró inn loft af áfergju, eins og hún hefði aldrei gert það áður. Svo grét hún veiklulega.

VAAAAAAAAA!

## Glöggskyggni

Þetta var á laugardagskvöldi að haustlagi. Ég hafði skilið við manninn minn til sextán ára fyrr á árinu. Við seldum húsið og skiptum öllu upp, ég keypti litla þriggja herberja risibúð í vesturbænum. Ég er ekki að segja að það hafi gengið áfallalaust fyrir sig, það gekk á ýmsu. Þetta var ekki það sem ég óskaði eftir, en lífið þeytir manni í ýmsar áttir, jafnvel án manns samþykkis. Við eigum jú þrjú börn saman, svo það er eins gott að standa sig og gera það besta úr stöðunni. Þau eru eina viku hjá mér og hina hjá pabba sínum. Ég er svona kona sem setur hausinn í vindinn ef á móti blæis.

Börnin voru hjá pabba sínum, þau fara og koma á fimmtudögum, þá er skiptidagur - það hljómar eins og skiptibókamarkaður. Ég var þegar farin að sakna þeirra sárt. Ég var ein heima með kettinum og mig langaði allt í einu svo rosalega á ball. Ég hringdi í þær konur sem voru líklegar til að geta farið með mér. Fyrst hringdi ég í Grétu vinkonu. Gréta komst ekki, Hjalti þurfti óvænt að fara á ráðstefnu og því var hún með börnin þessa helgina.

Prófa að hringja í Huldu systur, hún er ekki bundin yfir neinu.

„Sæl, ertu þekkin í kvöld?“

„Sæl, hvað ertu með í huga?“

„Mig langar svo á ball ætlaði að athuga hvort þú værir til í að koma með mér?“

„Ball? Af hverju?“ Hvað er langt síðan þú hefur farið á ball?

„Af hverju? Nú til að hitta fólk, dansa og hlusta á tónlist.“

„Ertu komin með einhvern upp á arminn?“

„Nei, þarf ég að vera það til að mig langi á ball?“

„Ég var búin að lofa mömmu að hjálpa henni með gardínurnar svo ég kemst ekki með þér.“

„Allt í lagi, ég fer þá bara ein.“

„Ein á ball, kona fer ekki ein á ball.“

„Nú, af hverju ekki?“

„Það er svo afhjúpandi, þú getur ekki farið ein á ball.“

„Hvað áttu við?“

„Það liggur í augum uppi að hún er í karlmannsleit.“

„Já er það þá ekki bara allt í lagi?“ Það var farið að fjúka í mig þegar hér var komið sögu. „En karlmaður sem fer einn á ball?“

„Þú veist að það er lítið öðrum augum.“

„Bless, ég þarf að drífa mig. Bið að heilsa mömmu.“

„Vertu blessuð, skila því, farðu varlega.“

Hvernig datt mér í hug að hringja í systur mína, það síðasta sem ég þurfti núna var að hlusta á Rannsóknarréttinn. Þetta var að koma mér úr stuði, en

eins og svo oft með mig ef ég mæti andstöðu þá fer ég í að gera það mótsetta, skítt með það, þá fer ég fer bara ein, ég gæti þekkt einhverja þegar ég kæmi á svæðið.

Svo ég fór að hafa mig til. Ég sagði við sjálfa mig: Nú dekrarðu við þig. Ég fór í heitt freyðibað og setti uppáhalds plötuna mína á fóninn: Pearl með Janis Joplin. Ég fór í mitt fínasta púss, svarta dragt og hvíta blússu með pífukraga, svartar sokkabuxur og svarta hælahaá lakkskó. Ég tók til við að mála mig af kostgæfni og punkturinn yfir i-ð var svo hatturinn. Svartur hattur með slöri og fjöður. Mér fannst ég ansi glæsileg þó ég segi sjálf frá. Ég var komin í fínt stuð.

Ég ákvað að taka stefnuna á Þjóðleikhúskjallarann og þangað var ég mætt þegar klukkan var langt gengin í eitt. Inni var dauf birta og það heyrðist lágvær tónlist. Á barnum voru fimm karlmenn á stangli. Mér fannst eins og ég væri komin í grafhýsi en ekki á dansstað. Við fyrrverandi höfðum búið erlendis í fimm ár og vorum til þess að gera nýflutt heim þegar við skildum svo ég hafði ekki farið út að skemmta mér í Reykjavík allan þann tíma. Fyrir fimm árum fór fólk greinilega fyrr á skemmtistaðina en nú. Ég stóð eins og illa gerður hlutur úti á gólfi og var að hugsa hvað til bragðs skyldi taka þegar einn af gestunum renndi sér niður af barstólum og kom gangandi til mín. Hann var örlítið reikull í spori en strammaði sig af, setti aðra hendi á mjöðm, píróði augun og skáskaut þeim upp eftir mér og sagði svo með svolítið drafandi röddu „Eru nú allir búnir að yfirgefa þig?“ Það var ekki honum að þakka að ég rak honum ekki löðrung.

Eftir á að hyggja var þetta laukrétt hjá mannum. Ég leit út eins og kona sem var nýkomin frá því að fylgja manni sínum til grafar.

## Tuttugu mínútna seinkun

Hann biður eftir að fiskirútan aki upp að garðshliðinu við húsið. Hún er nú þegar orðin tuttugu mínútum of sein. Hann dæsir og herpir saman munninn. Lítur út um eldhúsgluggann sem hvítar blúndugardínur hanga fyrir, tekur illa lyktandi borðtusku og þurrkar annars hreinan skenkinn. Ýsan í pottinum löngu soðin og hann er búinn að skræla kartöflurnar. Hann lækkar undir hamsatólginni. Allt er annars á sínum stað. Borðið hefur verið stækkað og lagt hefur verið á það með gömlum, rósóttum matardiskum og enn eldri stálhnífapörum. Máð glös fyrir ofan diskana, hægra megin. Matskeiðarnar! Þeim hafði hann gleymt! Gamli maðurinn snýst í hring og strunsar í átt að hnífaparaskúffunni. Dregur hana út og tínir upp úr henni fimm gríðarstórar matskeiðar og leggur þær með natni fyrir ofan matardiskana. Svona! Hann kinkar kolli og andvarpar.

Gamlinginn gengur aftur að glugganum. Út um hann sér hann að fiskirútan hefur staðnæmst við hliðið. Konan hans og dæturnar þrjár tínast út ein af annarri. Það kemur fát á þann gamla. Hér gildir að vera viðbragðsfljótur. Hann hleypur að eldhússkúffunum og ratar í miðskúffunni þar til hann finnur fiski-spæða. Hann veiðir rjúkandi heit ýsuflökin upp úr pottinum og færir þau upp á fat og kemur því fyrir á miðju borðinu. Útihurðinni er hrundið upp og glaðlegt skraf mæðgnanna rýfur þögnina í húsinu. Sá gamli þurrkar sér um sveitt ennið. Kartöflurnar í fölgulri skálinni skella á borðinu og snarkandi hamsatólginni í litla, eldgamla skaftpottinum kemur hann varlega fyrir á hitaplatta.

Konan hans gengur inn í eldhúsið og heilsar honum. Hún er með húfu úr hvítu, þunnu neti á höfðinu og klædd ljósbláum vinnusloppi utanyfir vinnufötin. Hún lyktar af fiski og slori. Það hnussar í gamla mannum þegar hann lítur á hana með vandlætingarsvip. Konan hans lítur blíðlega á hann og kyssir hann á órakaða kinnina. Dætur þeirra, Alda, Bára og Bylgja, eru farnar að rífast um baðherbergið. Hann gefur þeim illt auga. Þær flissa og ýta hver við annarri en flýta sér svo að þvo sér áður en þær setjast, beinar í baki, við eldhúsbörðið. Þau taka til við að matast.

- Þið eruð seinar, segir hann hvasst og horfir á þær undan þungum, loðnum brúnunum.

- Já, pabbi minn. Hann Halli á rútunni gleymdi sér í kaffi hjá Dísu í Kaupfélaginu, svarar Bylgja og reynir að dylja glott.

- Gleymdi sér í kaffi!? Nú hvur andskotinn! Augu gamlingjans stækka um tvær stærðir um leið og ýsubitar og kartöflur spýstast út úr honum með orðunum. Hann lítur á klukkuna fyrir ofan ísskápinn og horfir skelfdur á vísana. Klukkan er að verða hálf eitt.

Dæturnar stinga saman mjóum nefjunum og tala hver upp í aðra um að hann Halli á rútunni sé að gera hosur sínar grænar fyrir Dísu í Kaupfélaginu. Hann

horfir gáttaður á þær. Sjálfar eru þær fallegar og hraustar. Ekkert að þeim. Hann getur ekki skilið hvers vegna engin þeirra hefur fest ráð sitt og flust að heiman. Fundið sér góðan mann og eignast nokkur börn. Hann er að eldast.

Skyldi hann nokkuð eiga eftir að sjá lítinn hnokka eða litla tátu skríða hér um gólfin? Hann þráir að eignast barnabörn. Konan hans á meiri möguleika á því. Hún er heilum tveimur áratugum yngri en hann sjálfur. Enn útivinnandi og fjörug. Hann gjóar augunum aftur á klukkuna. Ytir stólnum sínum snögglega frá borðinu og stendur á fætur. Lítur yfir fegurðina við eldhúsbordið og baðar út öngum.

- Jæja, stelpur! Klukkan er að verða. Rútan fer að koma. Drífið ykkur nú! Ég geng frá eftir ykkur. Hann gengur að stól konu sinnar og dregur hana á fætur. Dæturnar hlæja og þvaðra eitthvað um að sá gamli sé orðinn stressaður. Er hann tímabundinn? Er hann kannski að fara á stefnumót? Þær flissa og senda þabba gamla fingurkoss. Hrúgast allar fram í þrönga forstofuna og fara í hnéhá stigvélin. Skoða sig í speglinum og laga hárið undir netahúfunum. Stanga matarleifar úr tönnunum. Brosa og veifa. Bros konu hans það síðasta sem hann sér. Það fer rakiðis á réttan stað. Hjartað tútnar út.

Rútan rennur upp að húsinu í sama mund og þær ganga út um garðshliðið stundarfjórðungi fyrir eitt. Um leið og hurðin lokast á eftir kvenfólkinu rýkur hann inn í dagstofuna og opnar fyrir útvarpið í gamla, svarta viðtækinu. Leggst síðan fyrir í rauða, mjúka flauelssófanum og dregur hlýtt ullarteppið yfir sig. Úr viðtækinu ómar tónlist með Göggju Lund. Hvað hann dáði þessa söngkonu! Hún hafði ferðast um Evrópu og sungið í frægum tónlistarhúsum fyrir fínt fólk hér í den. Gleymdur söngfugl. Saknaðarstingur fer um gömlu pumpuna hans þegar háir sóprantónarnir fara í hæstu hæðir og gamlinginn grípur um brjóstið. Eitt augnablik heldur hann að hann sé staddur í himnaríki og að Gagga, engillinn hans, taki á móti honum með himneskum tónum. En stingurinn fjarar út um leið og hægt dregur niður í tónlistinni þar til hún þagnar alveg.

-Útvarp Reykjavík. Kunnugleg rödd útvarpþularins glymur í tækinu. Klukku-na vantar tíu mínútur í eitt. Nú verða sagðar veðurfregnir.

Gamli maðurinn dæsir og ánægjubros leikur um varir hans. Hann hreiðrar betur um sig, andvarpar og lokar augunum.

## Lokkar

Háskólatorgið iðaði af lífi. Við Dadda vorum svo heppnar að næla okkur í sæti við borð á miðju svæðinu svo við sáum vel til hljómsveitarinnar. Í stað kaffibollanna á borðinu hefðum við frekar viljað hafa rauðvínsglös að skála í. Það gátum við ekki leyft okkur. Vorum báðar með heimili og ég var á bíl.

Er þetta ekki æðislegt Dadda, að vera í Háskólanum og fá ókeypis tónleika? sagði ég uppnumin.

Jú, við höfum það betra en margur annar Una mín.

Og það meira að segja hljómsveitin Hjaltalín, hélt ég áfram og saup á kaffinu.

Já Hjaltalín er stórkostleg hljómsveit, samsinnti Dadda.

Ég skimaði yfir mannfjöldann sem myndaði þetta þvögu utan við borðin. Að hverju var ég að leita? Sá ekki neinn sem ég kannaðist við. Þetta samfélag var allt öðru vísi en ég hafði lifað í til þessa. Búin að vera á vinnumarkaði í marga áratugi og flestir samferðamenn komnir langleiðina á eftirlaun. Hann stóð yst í áhorfendaskaranum. Dökkt, krullað hárið nam við axlir og rammaði vel inn skarpa andlitsdrættina og fallegar, viðkvæmnislegar varirnar. Ó hvað mig hefur alltaf langað til að renna fingrunum í gegnum svona karlmannshár.

Sérðu þennan, hvíslaði ég að Döddu og kinkaði kolli í átt til kynþokkafulla karlmannsins.

Ertu ekki í lagi, hvíslaði hún lágt, hann er allavega þrjátíu árum yngri en þú.

Ég yppti öxlum og brosti.

Það vantaði samt smá gljáa á hárið á honum. Ekkert mál að breyta því með góðu sjampói og næringu. Maðurinn minn er með mjög stíft, slétt hár og hefur alltaf verið stuttklipptur. Einu sinni lét hann setja í það permanent þegar það var í tísku. Við þann gjörning varð hárið ennþá stífara. Þessi mætti samt hafa örlítið meiri og dekkri skeggrót. Öruglega útlendingur, heldur fyrir munninn þegar hann geispar. Tekur næturvaktir á hóteli með skólanum. Ég hrökk upp úr hugleiðingum mínum við dynjandi lófaklapp áheyrendanna. Tónleikarnir búnir. Fólkið var fljótt að tínast út. Þarna stóð hann upp við vegginn á bóksölunni. Rólega þræddi hann lítil heyrnartól upp í gegnum hálsmálið á joggingpeysunni og potaði þeim í eyrun. Setti upp hettuna á hermannagrænu úlpunni og gekk út með hendur í vösum. Um leið sveif gult post-it blað á gólfið.

Dadda komum, sagði ég og stóð upp, ég ætla að elta hann. Ég flýtti mér að ná í gula blaðið á gólfinu og leit á það.

Una, þú ert ekki í lagi. Hún var komin alveg upp að mér. Hvað stendur á þessu blaði?

Einhverjar tölur sjáðu, hvað heldurðu að þetta þýði? Ég sýndi henni

snepilinn.

Þú heldur þó ekki að þetta sé eitthvað mikilvægt?

Það getur alveg verið það, kannski niðurstaða úr einhverju verkefni, sjáðu 23, 2 eða 5 og einn ólæsilegur stafur. Gæti verið ell eða einn og svo V eða U, en við þurfum að drífa okkur, sagði ég og skundaði í átt til útidyranna.

Við vorum nokkra stund að koma okkur út í bíl, en sáum að hann hélt í austurátt út á göngustíginn meðfram Hringbrautinni.

Þú manst að keyra mig upp á Kjartansgötu til að ná í bílinn, sagði hún og leit á mig einbeitt á svip.

Já já, ég man það, svaraði ég spennt um leið og ég bremsaði við rautt ljós. Við keyrðum eins hægt og við gátum til að geta fylgst með honum. Áfram hélt hann eftir göngustígnum en ég játaði mig sigraða þegar ég þurfti að beygja upp á Snorrabraut.

Þetta var nú virkilega gaman sagði Dadda þegar hún kvaddi á Kjartansgötunni.

Já takk fyrir samveruna, heyrumst á morgun, ansaði ég og andvarpaði.

Ég beygði inn á Rauðarárstíg, upp Flókagötu og út í Lönguhlíð, þá sá ég hann ganga upp fyrir fjölbýlishús í Lönguhlíðinni. Hjartslátturinn fór upp úr öllu valdi og ég varð hálf máttlaus. Eftir að hafa lagt bílnum á bílastæði blokkarinnar hikaði ég. Fjórir stigagangar, fjórar hæðir. Engin vísbending um hvar hann hafði farið inn. Ég ákvað að taka þetta verkefni föstum tökum, gekk inn í fyrsta stigaganginn, númer 19, og leit á dyrabjöllurnar. Ekkert útlenskt nafn. Í næsta stigagangi var eitt útlenskt nafn, Tomasz Krickic, sem ég áleit að væri pólskt eða rússneskt. Nei, þetta var ekki hann. Ég hafði á tilfinningunnni að hann væri Spánverji, samt hafði ég ekki séð litinn á augum hans. Flestir Spánverjar eru með brún augu, að minnsta kosti þeir þjónar sem ég hafði kynnst fyrir mörgum árum á Mallorca. Spennan hélst enn í maganum. Í þriðja stigaganginum, þeim númer 23, sá ég nafnið Carlos Arrenas. 2. hæð t.v.. Þetta hlýtur að vera hann. Ég dró gula miðann upp úr vasanum. 23, 2 t.v. og brosti örugg með sjálfri mér. Ég hringdi bjöllunni. Sama tilfinning kom yfir mig og þegar ég var 12 ára og bankaði á hurð að spyrja eftir strák og var alveg að skíta í buxurnar af hræðslu. Við hvað var maður eiginlega hræddur? Strákurinn var ekki heima og ég var rosalega skúffuð yfir að hafa eytt allri þessari spennu í ekki neitt.

Ég heyrði karlmannsrödd í dyrasímanum. Halló.

I think you lost a piece of paper in the University today, sagði ég ákveðin.

Þetta er allt í lagi, ég tala íslensku, gjörðu svo vel. Um leið heyrðist suð og ég fór inn. Ég gekk frekar hratt upp tröppurnar og staðnæmdist fyrir framan hurðina á annari hæð til vinstri og bankaði.

Dyrnar opnuðust. Þarna stóð hann með rauðhært stelpuskott í fanginu. Hún hélt á gulu snuði og bablaði dudda, dudda og sveiflaði því í áttina til mín. Ég teygði höndina á móti henni. Stelpa snéri sér þá snögg undan svo snuðið

flæktist í hári hans. Á svipstundu rykkti hún fast og hreykin rétti hún mér hárkolluna með dinglandi gulu snuði.

## Glútenópolandi

Það birtir af morgni en það er ennþá dálítið kalt. Sólin er að gægjast upp fyrir sjóndeildarhringinn og hitar rólega upp eftir kulda næturinnar. Í húsgarði í miðbæ Reykjavíkur eru tvö stór grenitré og undir þeim báðum eru að því er virðist einhverjar fatahrúgur. Það heyrast stunur undan öðru trénu og hreyfing kemur á aðra hrúguna sem stynur. Hreyfingar hennar eru stirðar og hægar og það er ekki laust við að maður sjái líkingu við bíómyndina Matrix. Það eru þó engir hetjulegir taktar í þessum hreyfingum eins og hans Neos. Skitugt andlit kemur í ljós og það lítur út fyrir að það tilheyri konu á sjötugsaldri. Hún barmar sér ógurlega og tekur um höfuð sitt.

- Æ, æ aaaaaáááááááááá...

Hún fer rólega yfir í það að fálma á fötunum sínum og rekur svo hendurnar á kaf í alla vasa í leit að einhverju. Hún leitar líka innan í fötunum en virðist ekki finna það sem hún leitar að. Vonbrigðin í óhreinu andliti hennar leyndu sér ekki.

- Nú jæja það var aldrei að ég myndi svo bara drepast úr þorsta af öllum öðrum mögulegum dánarorsökum.

Hún réttir hendurnar upp eins og hún sé að skrifa í loftið stórum stöfum.

- Það verður þá ekki „Kona fannst látin, frosin í hel.“ heldur „Kona fannst látin úr þorsta og héldu fyrstu menn á vettvang að ofvaxin sveskja væri þar fundin.“ Ég hefði átt að verða fréttamaður. Ég sé það núna. Gott að ég komst að því hvað ég átti að verða núna þegar engin von er til þess að fá vinnu við slíkt. Þeir fara nú ekki að ráða konu á mínum aldri og ég sem er í mínu fínasta þússi núna, lít út eins og uppvakningur eða eitthvað dregið upp úr fjóshaug.

Hún bisar við að standa upp sem gengur erfiðlega en tekst þó að lokum og þegar það tekst þá grípur hún aftur um höfuð sér.

- Æ! Þvílíkar kvalir, er ekki nóg að drepa mann úr þorsta þarf líka að stinga mann með hníf í hausinn? Hvað hef ég gert til að verðskulda þetta, blásaklaus konan?

Hún lítur ásakandi til himna og steytir hnefann upp í loftið. Skýin virðast færa sig frá en sólin heldur áfram upprás sinni eins og hún hvorki heyri né sjái kerlinguna.

- Þú færð að kenna á því gamli gaur þegar ég kem til þín. Þá færðu að vita hvar Bubbi keypti bjórinn, helvítis melurinn sá.

Hún fer aðra umferð yfir vasa sína og finnur ekkert. Hún lítur í kringum sig eins og hún sé að leita að einhverju og sér þá í svört stígvél sem standa undan hinu grenitrénu í garðinum við hliðina á því sem hún skreið undan.

- Bubbi! Hún sparkar lauslega í annað stígvélið en ekkert heyrir í honum og enga hreyfingu að sjá.

- Ertu dauður? Ekkert svar berst undan trénu.

- Hvað gerðir þú við bjórinn? Hún togar í fætuna á honum og sér að ekki er allt með felldu.

- Þú ert þá í alvörunni dauður, auminginn. Hún fer að gramsa í fötunum hans og finnur einn bjór.

- Já það var lagið, nú verður allt betra. Takk Bubbi minn, félagi og vinur. Hún opnar bjórinn og lyftir honum upp eins og í skál.

- Skál fyrir þér félagi og þeirri fórn sem þú færir mér í dag. Hún tekur drjúgan sopa, en frussar honum út úr sér.

- Ojbara, hveitibjór! Veistu ekki að ég er glútenópolandi drullusokkurinn þinn, ertu að reyna að drepa mig?

Lítill stúlka um sjö ára, með tagl í dökku hárinu og klædd í gallabuxur og Cintamani úlpu, er að ganga framhjá lóðinni.

- Við hvern ertu að tala? spyr hún hissa.

Hún snýr sér að stúlkunni og horfir á hana um stund.

- Bubba ef þér kemur það við.

- Hver er Bubba?

- Hann heitir Bubbi.

- Ó.

- Hann er dauður.

- Nei.

- Jú, í alvörunni.

- Draptir þú hann?

- Drap, nei auðvitað ekki. Hann hefði þó átt það skilið fyrir að reyna að eittra fyrir mér þessi dólgur.

- Hvað er dólgur?

- Það... æ, hættu þessum spurningum og komdu þér nú heim til þín.

- Já.

Þetta svar stúlkunnar var heldur aumingjalegt og hún drúpir höfði leið. Hún tekur eftir þessu og reynir að leiða það hjá sér en tekst það ekki.

- Það er óþarfi að vera leið, varstu ekki á heimleið?

- Nei, ég á að vera úti að leika mér.

- En það er varla kominn dagur.

- Mamma var að vinna í nótt og ég má ekki vera með læti.

- Ertu alltaf með læti þegar þú ert inni?

- Nei, bara stundum og þá er það alveg óvart.

- Hvert ætlaðir þú svo að fara að leika þér?

- Ég veit það ekki, ég á enga vinkonu. Hún virðist alveg búin að gleyma sínum höfuðkvölum.

- Jú, víst áttu vinkonu.

- Nei.

Hún sér að það læðast tár niður kinnar stúlkunnar. - Núna erum við

vinkonur og við skulum koma út á róló.

Stúlkan lítur upp hissa og þurkar sér um augun.

- Er það hægt?

- Hvað áttu við, er það hægt? Ég meina, hvað meinar þú?

- Ég er stelpa og þú ert gömul kona.

- Aldur skiptir engu máli ef maður nennir að leika sér.

Stúlkan virðist ekki alveg viss og er óörugg.

- Ég má ekki tala við ókunnuga.

- Þú ert nú þegar búin að tala við mig svo heiti ég Kata svo að þá veistu það.

- Ég heiti Klara.

- Þarna sérðu, Klara og Kata byrja á sama staf og hljóta þá að eiga að vera vinkonur. Komum á róló.

Hún fer úr garðinum og þær ganga saman niður götuna, hlið við hlið, gömul og ný. Báðar með tilhlökkun í maganum yfir því að fara að leika. Allt í einu heyrast hróp og köll.

- Klara! Klara mín! Komdu heim!

- Hæ, mamma, ég er að fara út á róló að leika með henni. Stúlkan bendir á Kötun.

Mamma stúlkunnar kemur á harðaspretti og rífur í hendi litlu stúlkunnar.

- Komdu heim núna strax! Mamman dregur stúlkuna frá gömlu konunni.

- Þú mátt leika inni í dag, Klara.

- En má Kata koma inn að leika?

- Nei!

- Æi, mamma.

- Þú mátt ekki tala við þessa konu aftur, heyrir þú það?

- En hún er góð og vildi leika við mig.

- Þetta er vesalingur og ég banna þér að leika við vesalinga.

- Bless, Kata. Ég má ekki leika....

Mamma Klöru dregur hana hratt í burtu og heim í hús. Á meðan á þessu stendur er það höfuð hennar Kötun sem sigur niður og tár trítla niður skítuga vanga hennar. Hún á enga vini heldur og hún á ekkert til að drekka, ekkert til að deyfa sársaukann í hjartanu. Ekkert. Þegar hún er horfin inn í húsasund hreyfist hin hrúgan og ljós kemur Bubbi.

- Kata! Hvar ertu, Kata mín?

## Elsa

Þórgunnur gekk inn um dyrnar á sundlauginni í fyrsta sinn. Hún synti alla daga en hafði bara flutt endanlega í bæinn í gær. Hún sá að þetta var ekki ósvipað síðustu laug og var nokkuð sáttt með það. Þegar hún hafði borgað fór hún í klefann og bjó sig undir það sem hún var von. Fólkið í gömlu lauginni var löngu hætt að stara en hún vissi að á nýjum stað myndi fólk ekki geta stillt sig. Sér í lagi á svona litlum stað þar sem allir þekktu alla og ræddu um alla.

En hvað um það. Hún varð að synda og henti öllum fötunum rösklega inn í gamlan skápinn og læsti með lyklinum. Lykillinn hékk laus á ökklanum þegar hún dreif sig inn í sturtuna. Hún sápaði sig hratt með sömu grænu sápunni og hún hafði notað á hverjum degi frá því hún var unglingur, og skelti sér í svartan viðan sundbolinn.

Næst gekk hún út í laug. Hún fann hvernig svöl steinjörðin tók við og kalt vetrarloftið fyllti lungun. Hún dreif sig beint í heita pottinn. Þar sátu tvær eldri konur og hlógu. Þær gáfu henni engan gaum en hún reyndi að giska á hvort þær væru systur eða vinkonur. Þær voru um margt áþekkar og greinilega nánar.

\*\*\*\*\*

Elsa sat á bekknum þegar Þórgunnur kom inn. Þórgunnur hafði séð hana nokkrum vikum fyrr í heita pottinum með annarri gráhærðri konu en núna sat hún ein. Það var eitthvað vandræðalegt við hana og ekki hjálpaði að bekkirnir voru orðnir lélegir og hún bara komin í nærbuxur og brjóstahaldara. Það var mild klórlykt í loftinu og Þórgunni hafði alltaf fundist þessi klefi frekar lélegur. Gamla flísarnar voru stofnanalegar og skáparnir litlir. En ekkert af þessu olli því hvernig Elsa virtist passa illa inn í umhverfið heldur hafði Þórgunnur á tilfinningunni að þessi brosmilda gráhærða kona passaði ekki inn neins staðar. Hún var stór og smá á sama tíma og þegar fætur hennar hvíldu á köldum flísunum var eitthvað hlýlegt við þennan annars óspennandi kvennaklefa sem Þórgunnur hafði aldrei fundið fyrir. Flúorljós, ljótir vaskar og of lítil hólfr fyrir handklæði og sápu skiptu skyndilega minna máli og hún brosti til konunnar sem sat þarna þó að hún þekkti hana ekki og væri ekkert sérstaklega von að brosa til ókunnugra.

Hún gekk framhjá henni, opnaði skápinn og byrjaði að hálftraða inn einni flík af annarri. Hún var jafnhundleið á að verða að mæta í laugina daglega en samt var aðeins léttara yfir henni.

\*\*\*\*\*

Þórgunnur var orðin vön að spjalla við Elsu og Guðrúnu í heita pottinum. Í dag rifjuðu þær upp æskuna og lýstu hvernig allt hafði breyst. Þær höfðu verið svo ólík börn. Elsa var rauðhærð, stór og frekar hávær en Guðrún ljóshærð, lítil og hógvær en alltaf stóðu þær saman ef eitthvað bjátaði á. Í dag voru þær hins vegar líkar. Báðar með hvítt hár og aðeins visnar en hraustlegar og glaðlegar konur sem hlógu svo dætt saman.

Þær höfðu flutt hlið við hlið með mönnum sínum og börn þeirra alist upp sem nágrannar og frændsystkin. Þær sögðu að þær væru nú ekkert alltaf inni á stokk hjá hvor annarri en sundið áttu þær saman. Það voru samt skipti sem Elsa kom án Guðrúnar og það voru þau skipti sem Þórgunnur kynntist Elsu á sérstakan hátt. Óðrúvísi en hún hafði kynnst nokkrum áður.

\*\*\*\*\*

Þórgunnur tók einn daginn eftir því að Elsa horfði alltaf á brjóstin á henni í sturtunni. Hún var vön köllum á öllum aldri sem stöðu á brjóstin á henni. Henni fannst það alltaf óþægilegt og ógeðslegt. Konur litu stundum á þau stuttlega eins og til þess að taka stöðuna, telja og bera saman. En Elsa starði stöðugt á þau. Í fyrsta skiptið varð Þórgunnur frekar hissa. Elsa var miklu eldri og gift kona. Svo varð Þórgunnur vön þessu. Það voru dagar sem hún velti fyrir sér skýringu en annars hafði hún bara umburðarlyndi fyrir þessu, fyrir henni. Hún fyrirgef henni.

\*\*\*\*\*

Elsa var ólík sjálfri sér einn daginn. Þórgunnur settist á gólfið og opnaði túpu-na með fótaáburðinum eins og hún var vön og byrjaði að bera á fætur Elsu. Hún velti fótunum fram og aftur í höndunum eins og deigi og nuddaði kreminu ríkulega yfir litla dældir, krumpur og beyglur.

Elsa var vön að brosa og tala um veðrið. Stundum sagði hún frá Guðrúnu eða krökkunum sínum en það kom líka fyrir að hún talaði um barnabörnin. Þórgunnur hafði aldrei talið þetta eftir sér og var vön að taka frá þessum stundum jákvæða orku sem entist aðeins frameftir morgni.

Í dag var Elsa ekki glöð. Hún hafði ekki mörg orð um það en virtist hafa hitt einhverja konu. Einhverja sem hún og Guðrún þekktu þegar þær voru litlar og hún var í uppnámi. Hún bar sig óðrúvísi og var órólegri á bekknum en vanalega.

Þórgunnur fylltist óþægilegum tilfinningum. Hún varð reið og sár fyrir hönd Elsu en líka aðeins hrædd. Það var á þessari stundu að hún áttaði sig á því hvað henni þótti vænt um Elsu og að þessar stundir væru ekki síður henni til ánægju og lífsfyllingar en Elsu til hjálpar. Það var þennan dag sem Þórgunnur velti fyrir sér hvernig samband þær ættu í raun og veru og hvort hún gæti

réttlætt að halda því áfram.

\*\*\*\*\*

Það leið langur tími sem Þórgunnur hitti ekkert systurnar í sundinu. Hún hélt áfram að mæta eins og hún hafði alltaf gert en hún var farin að finna að það var hluti af henni sem var kominn með nóg. Sem þoldi ekki meira.

Einn daginn hitti hún Guðrúnu sem sagði henni að Elsa hefði dottið og væri á spítala í næsta bæ. Hún hafði ætlað að fara að tala við konuna sem hún hafði sagt Þórgunni frá. Hún fór gangandi í hálkunni og rann. Hún var mjaðmar-brotin og hafði rekið höfuðið í.

Þessi kona hafði víst borið út sögur um Elsu þegar þær voru unglingar. Hún hafði sagt öllum að Elsa hefði reynt að kyssa sig og eftir það voru strákarnir leiðinlegir við Elsu og flestar stelpurnar hættu að tala við hana. Það var ekki fyrr en Elsa flutti til Reykjavíkur og hitti Jón að sögurnar hættu. Guðrúnu fannst alltaf ömurlegt af þessari konu að skálda svona um Elsu sagði hún Þórgunni.

\*\*\*\*\*

Þórgunnur tók rútuna til þess að heimsækja Elsu á spítalanum. Elsa var að mörgu leyti lík sér en virtist ekki þekkja Þórgunni. Hún brosti samt og sagði:

„Má bjóða þér kökusneið vinan?“ Þórgunnur horfði á nokkuð girnilega sneiðina sem Elsa hafði skilið eftir á borðinu.

„Ég get það ekki,“ sagði hún og reyndi að ýta niður öllum tilfinningunum sem reyndu alltaf að brjótast út í kringum Elsu.

„Kannski á morgun,“ sagði Elsa og brosti blítt og í fyrsta skipti í yfir áratug hugsaði Þórgunnur:

„Kannski á morgun.“

\*\*\*\*\*

Þórgunnur starði út um bílrúðuna og var búin að segja fátt við mömmu sína. Hún var ekkert búin að sjá Elsu síðan á spítalanum. Hún hafði séð Guðrúnu í kjörbúðinni en ekki farið til hennar. Það var eins og hún vildi ekki vita það sem hún nú þegar vissi. Það var eins og ef hún læsi það í blaðinu eða heyrði Guðrúnu segja það yrði það raunverulegt. Þá þyrfti hún að gera upp við sig hvernig henni líði en hún hafði ekki gert það í mörg ár.

Elsa hafði breytt einhverju. Tilfinningarnar sem hún hafði eytt svona löngum tíma í að fela sig fyrir voru farnar að reyna að komast út. Hún hafði falið sig svo lengi að hún þekkti ekkert annað. Hún hafði falið sig svo vel að hún var

næstum horfin.

Allt í einu leit hún upp. Rúta stefndi beint á þær. Hélan hafði tekið yfir og rútan misst fótfestuna. Hún hugsaði um hvort fólk í litlum fólksbíl dæi alltaf ef það lenti framan á rútu. Skyndilega, eins og fyrir guðs náð, breytti rútan um stefnu og keyrði rólega út í kant.

Mamma hennar nam staðar og hljóp út. Hún vildi vita að það væri í lagi með alla og kom svo aftur.

„Ég ætla að hætta að synda.“ sagði Þórgunnur þegar þær keyrðu af stað.

„Jæja,“ sagði mamma hennar en Þórgunnur sá að henni var létt. Hún fann fyrir gleði og sorg á sama tíma og vissi að nú myndi allt breytast.

## Nýjustu tíðindi

Fjóla var frekar privat manneskja. Hún naut þess að hlusta á aðra og halda sjálfri sér í bakgrunninum. Hún lagði mikið upp úr því að öðrum liði vel í kringum hana og lagði sig fram um að vera vingjarnleg og góður hlustandi. Sumum fannst hún of næs og létu fara í taugarnar á sér hvað hún tæki sjaldan afgerandi afstöðu eða sæi alltaf jákvæðari hliðar málanna og væri þakklát fyrir einfalda hluti. Hún fann oft að hún stuðaði sumt fólk með því einu að vera hún sjálf. Þegar það gerðist hélt hún sér enn meira til hlés. Hún gat ekki að því gert hvað hún átti auðvelt með að setja sig í spor annarra og hversu erfitt hún átti með að dæma fólk og gjörðir þeirra sísvona. Hún lét ekki oft í ljós hvað hún var að hugsa og deildi yfirleitt ekki persónulegum hlutum með öðrum nema hún fyndi fyrir fullu trausti. Henni fannst þó gaman að hlusta á sögur annarra og var von að vera í kringum alls kyns fólk síðan í æsku enda ætt hennar stór og uppfull af litríkum persónum.

En nú fann hún fyrir þörf fyrir að deila nýjustu tíðindum af sjálfri sér með fólkinu í hennar nánasta hring. Enda voru þetta þó nokkuð stórar fréttir. Að verða ástfangin eru alltaf stórtíðindi í augum þess ástfangna.

Hún ákvað að gera sér ferð til Ölmú, góðrar vinkonu sinnar úr æsku. Byrja á öruggasta og auðveldasta staðnum. Þar sem hún gæti verið hún sjálf og þyrfti ekki að setja sig í stellingar. Gæti bara sagt hlutina óritskoðaða og án þess að ofhugsa þá. Þær höfðu þekkt lengi og voru nánar en ólíkar að upplagi og höfðu ólík áhugamál. Þær höfðu einnig valið sér ólíkan starfsvettvang og stað til að búa sér heimili. Alma bjó enn á æskustöðvunum en Fjóla hafði búið sér heimili í borginni fyrir nokkrum árum eftir nám sitt erlendis. Í raun voru flestir gömlu vinanna ólíkir Fjólu en hún hafði eignast vini frá ýmsum löndum undanfarin ár sem voru líkari henni, bæði hvað varðaði viðhorf og áhugasvið. Eftir að hún flutti heim hafði hún líka kynnst fólki í gegnum vinnu og áhugamál sem hún átti góða samleið með. Sumum af gömlu vinunum fannst áhugamálin sérviskuleg og sumir nýju vinanna óttalegir nördar en hún fann sig vel með þessum nýju vinum og á einhvern hátt betur en með gömlu vinunum. En Alma átti alltaf sérstakan stað í hjarta hennar af því að það var hún sem studdi Fjólu mest af öllum í gegnum skilnaðinn við æskuástina þrátt fyrir að Alma hafi þekkt hann jafn lengi og Fjóla og vitað hvað hann var góður maður og mikill fengur. Alma sýndi henni skilning og samkennd í gegnum þetta erfiða tímabil en það sama var ekki hægt að segja um aðra æskuvini. Stundum hafði henni fundist að hún ætti eingöngu Ölmú að.

Fjóla gerði sér upp erindi þannig að Ölmú grunaði ekki að tilefnið væri stórt. Hún sagðist vilja skutla til hennar stól og skrifborði sem hún var að losa sig við vegna flutninganna og Alma hafði þegið það feginns hendi, enda húsgögn

sem kæmu sér vel á barnmörgu heimili.

Á leiðinni var Fjóla óróleg og velti alls kyns orðalagi fyrir sér. Hvernig hún ætti að koma orðum að fréttunum. Hvenær hún ætti að láta til skarar skriða. Um leið og þær hittust? Eða spila það eftir eyranu? Þrátt fyrir að falleg náttúran í gamla heimabænum hennar sefaði hugann á leiðinni fann hún fyrir verulegum hnút í maganum. Það var óvanalegt því að henni leið vel í kringum Ölmum og hafði aldrei áður fundið fyrir svona óþægindum þegar hún hitti hana. Auðvitað myndi Alma samgleðjast henni - það vissi Fjóla vel - en engu að síður var einhver beygur í henni. Líklega bar hún einhvern kvíðboga fyrir því að berskjalda sig svona því að það gerði hún svo sannarlega ekki á hverjum degi. Veggurinn var venjulega uppi og yfirleitt vel ritskoðað hvað fékk að sleppa út um hliðið og sérstaklega hvernig það var orðað.

Þegar hún lagði bílnum fyrir framan hlýlegt húsið tók hún á sig rögg og hristi þessar tilfinningar af sér. Hún læsti bílnum og gekk í gegnum ræktarlegan garðinn. Það var róandi að sjá útskorin graskerin fyrir utan útidyrnar. Henni leið alltaf vel að sjá hvernig Alma hlúði að hverju smáatriði og leyfði börnum sínum að njóta sín til hins ýtrasta.

Eiginmaður Ölmum kom til dyra. Fjólu brá en lét á engu bera og sló á léttu strengi. Hún hafði alls ekki búist við því að hann væri heima. Þær höfðu heyrst í síma stuttu áður en hún lagði af stað og Alma hafði ekki minnst einu orði á að hann yrði heima. Þetta sló hana út af laginu en hún ákvað að láta það ekki hafa áhrif á sín plön um að segja Ölmum fréttirnar. Hann mætti alveg heyra þær líka. Þetta voru gleðitíðindi og hún var í raun spennt að segja þeim frá.

Þær settust við eldhúsborðið og á meðan Alma sagði henni frá jarðarför sem hún var í hjá fjarskyldum, öldruðum ættingja deginum áður, útbjó maðurinn girnilegar samlokur fyrir þau. Fjóla hlustaði af athygli á nærgætna frásögn Ölmum á meðan ilmur af bræddum osti og steiktu brauði barst úr eldhúsinu. Fjóla fann að hún var svöng en hafði ekki tekið eftir því fyrr. Stressið var greinilega meira en hún hafði gert sér grein fyrir. Hún borðaði samlokuna með bestu lyst og fann að henni leið betur. Þegar hún var komin með rjúkandi kaffibolla úr nýju kaffivélinni þeirra fann hún að hún var að verða tilbúin að deila tíðindunum. Þó var eitthvað sem stoppaði hana af. Hún hafði heyrt manninn nefna að hann ætlaði út í skúr eftir matinn og hún ákvað að bíða eftir því.

Hún hlustaði á hjónin segja henni frá nýlegum hjónaskilnaði fyrrverandi bekkjarsystur þeirra sem Fjóla hafði misst tengsl við eftir að hún flutti út. Fréttirnar hafði Alma heyrt frá samkennara sínum í gamla grunnskólanum þeirra. Það var greinilegt að Alma tók þennan skilnað nærri sér en sá málið engu að síður auðveldlega út frá mörgum hliðum eins og hennar var von og vísa. Fjóla tók undir þær vangaveltur enda hafði Fjóla reynt það á eigin skinni að mál væru yfirleitt flóknari en svo að hægt væri að alhæfa eitthvað eitt

fremur en annað – án þess að hún færi svosem að básúna það við Ölmum á þessari stundu, enda óþarfi að blanda eigin reynslu í umræðu um mál annarra.

Loks fór maðurinn út í skúr. Fjólu létti og ákvað að sæta lagi næst þegar færi gæfist. Hún vissi reyndar ekki alveg hvernig hún ætti að koma orðum að því sem hún vildi segja eða hvernig best væri að færa svona fréttir. Hvort hún ætti að slengja þessu fram eins og stórfrétt með upphrópunarmerkjum eða nefna þetta eins og í framhjálaupi, án allrar hleðslu, eins og þetta væri í raun algjört aukaatriði. Það væri best ef hún gæti farið seinni leiðina því að allra síst vildi hún gera sjálfa sig að einhverri aðalpersónu í þessari heimsókn. Það hafði verið álag á Ölmum undanfarið, bæði vegna vinnu og veikinda eins barnsins, og Fjóla vildi sýna henni stuðning í gegnum það og ekki eyða orku hennar að óþörfu. Hún hefði átt að vera búin að hugsa þetta betur áður en hún kom. Þessi heimsókn var vanhugsaðri en hún gerði sér grein fyrir í upphafi en hún fann það vel nú þegar á hólminn var komið. Erfitt reyndist að halda fullri athygli á Ölmum og var það úr takti við það sem hún átti að venjast en það gaf henni einnig til kynna að tilfinningarnar voru í hálfgerðri rússíbanareid innra með henni.

Á meðan Fjóla reyndi að hemja hugann sem hvarflaði fram og aftur hélt Alma áfram að segja henni nýjustu tíðindi úr bænum. Nýlega hafði komist upp um framhjáhald skólastjórans sem átti sér stað í einni kennslustofunni á kvöldin. Hann hafði einnig notað fartölvu í eigu skólans við myndatökur af ósæmilegu athæfi sínu. Þetta voru stórar fréttir og Alma var hissa á að maðurinn héldi vinnu sinni eins og ekkert hefði í skorist. Fjóla samsinnti en hugsaði með sér að e.t.v. hefði sagan breyst á leiðinni eða ekki allar hliðar málsins kunnar á þessari stundu. Að minnsta kosti fannst henni erfitt að ná að setja sig almennilega inn í málið með þessar takmörkuðu upplýsingar til að taka skýra afstöðu.

Skyndilega kom maður Ölmum aftur inn í húsið. Fjóla fann fyrir vonbrigðum en lét á engu bera, leit á klukkuna og sá að hún þurfti að fara að drífa sig heim að ná í kerruna áður en hún sækti yngra barnið. Þær gengu fram í forstofu á meðan Alma flýtti sér að segja henni allt sem tengdist máli skólastjórans því að auðvitað kom margt í ljós úr bakgrunni hans við þessa uppljóstrun. Fjólu fannst hún ekki hafa tíma til að meðtaka allar þær upplýsingar og fann að hugurinn var á fleygiferð – og tilfinningarnar með – en hún reyndi eftir bestu getu að vera í núinu með Ölmum. Þær ákváðu að hittast fljótt aftur og kvöddust.

Á leiðinni út í bíl var Fjóla hugsí. Hún fann að hún þyrfti að hitta Ölmum fljótt aftur en vissi ekki hvort þá gæfist frekar tækifæri til þess að segja henni fréttirnar. Hún vonaði það. Það var ekki laust við að hún fyndi fyrir nokkurri hryggð yfir því að hafa ekki náð að segja Ölmum allt af léttu, sér í lagi af því að Alma myndi að öllum líkindum samgleðjast henni innilega og styðja hana ef

á þyrfti að halda. Það örlaði jafnframt á vonbrigðum hjá Fjólu, ekki síst með sjálfa sig. Auðvitað vildi hún deila þessum stóra og mikilvæga hluta af lífi sínu með vinkonu sem stóð henni svona nærri. Hún skildi ekki almennilega hvað hafði stoppað hana. Líklega hafði hún ekki viljað trufla flæðið í samtalinu þó að henni lægi mikið á hjarta. Ef til vill var hún of vön því að leyfa öðrum að njóta sín til hins ýtrasta í samtölum. Það var henni framandi að kveða sér hljóðs þrátt fyrir að mikið lægi við. Einhvern veginn vildi hún helst ekki láta hafa fyrir sér á neinn hátt. Vildi ekki verða að einhverju aðalatriði. Hún fann fyrir trega og tilhlökkun í bland þegar hún keyrði heim til nýju kærustunnar.

## Nasi

Sólargeislar baða lítið sjávarþorp. Það er mislangt á milli húsa; sum eru gömul, önnur ný. Hér og hvar í útjaðri þorpsins eru hrörleg útihús og kofar á stangli á túnunum sem eru eins græn og þau geta orðið í kvöldsól í júlí. Vesturgluggar sindra í sumarsnjóhvítum - ljóðrænum lit sem fæst í Kaupfélaginu - húsum með rauðu þaki. Nokkrar trillur og stærri trébátar vagga við bryggjur. Endalaus flóinn glitrar og fjallið vakir. Ró er yfir öllu en unleg hlátrasköll - bannað að segja þíkuskærir á okkar tímum - og reykjarbólstrar berast út í kyrrðina frá byggingu sem gæti hafa verið fjárhús og stendur utarlega í þorpinu.

Hér vinna unglingarnir frá átta til sjö í frystihúsinu sem stendur við Höfðann út við sjóinn og eiga sand af seðlum. Á kvöldin fara þeir um í flokkum líkt og síldartorfa. Það leiðir athyglina að gamalli síldarverksmiðju sem stendur við höfnina; hrörleg og glæsileg í senn. Hún komst eiginlega aldrei í gagnið af því að síldin fór um svipað leyti og verksmiðjan var tilbúin. Já, hér var meira að segja einu sinni bakarí. Úr stóra strompinum við hliðina á síldarverksmiðjunni berst hvorki reykur né peningalykt í kvöldkyrrðinni. Síldin er farin, togarinn er á miðunum og túristarnir eru enn ókomnir. Einn ferðamaður er í sundlauginni. Þegar vel er hlustað má heyra Stuðmenn flytja lagið í bláum skugga í bland við hlátrasköllin.

Margir kofar í bænum verða rifnir þetta sólríka sumar vegna þess að unglingarnir finna sér alltaf nýja og nýja eftir því sem hreppsnefndin lætur rífa fleiri í því skyni að uppræta hópamyndun og reykingar unglunga. Af nógu er að taka. Satt að segja hefur þorpið aldrei litið betur út en þetta sumar.

Nei sko; þarna situr þú á sundlaugarbökk við hliðina á vinkonu þinni sem er byrjuð að taka ofan í sig. Þrettán ára beinasleggja, með þvertopp og axlarsítt hár sem þú hjálpaðir henni að lita fjólablákastaníujarpt inni á klósetti með lit sem þið keyptuð í Kaupfélaginu. Þið eruð klæddar samkvæmt nýjustu tísku; í fótliga skóm með þverbandi og hrágúmmísóla, röndóttum sokkum, útvíðum uppbrettum *puffin* gallabuxum og sjóliðabolum með köðlum og gylltum merkjum. Utan yfir eruð þið í léttum hermannajökkum - líka með merkjum - og hafið komist inn í stelpuklefan ásamt krakkastóðinu eftir að kofarnir voru rifnir og verkstjórinn í frystihúsinu kom að ykkur reykjandi í umbúðageymslunni og henti ykkur út. Vonandi verður sundlaugin ekki rifin þó að hún sé gömul og farin að láta á sjá. En samt, kannski, bara kannski, fáid þið með þessu móti nýja búningasklefa, með skápum og lyklum, ekki bara trébekkjum, snögum, flagnaðri sægrænni málningu og einni sturtu, jafnvel nýja laug. Þú sem getur synt kafsund fram og til baka án þess að koma upp til að anda. Ef heitur pottur fylgir með getur þú hætt að hanga upp við heita rörið til að hlýja þér. Litli bróðir þinn er hræddur við ykkur. Eitt kvöldið þurftir þú að skreppa heim til

þín til að sækja meiri peninga og krakkastóðið beið úti í garði. „Það eru unglingar úti,“ sagði hann með óttablandinni virðingu.

Það er sláttur á vinkonu þinni með sígarettuna. Hún hefur áður tantaliserað þig með sælgæti; lét þig öfunda sig lengi og svo máttir þú fá afganginn sem var oft ekki mikill. Nú átt þú að bíða á meðan hún fer á næsta stig í reykingunum. Það er gaman að hanga með henni og hún leggur línurnar. Segir þér að það sé óþarfi að brosa alveg út að eyrum. „Það er alveg nóg að brosa svona,“ fullyrðir hún og sýnir þér hvernig maður brosir hálfa leið og lygnir aftur augnum um leið. Vinkona þín er með margar gullfyllingar sem hún fékk á kostnað ríkisins og mátti ekki borða í klukkutíma eftir tímana hjá tannlækninum. Hún fór alltaf beint í sjoppuna.

„Hvað ætli sundkennarinn segi þegar hann mætir í fyrramálið og finnur fyluna? Tí, hÍ, hÍ.“

Þið sitjið í kófinu, misvönkuð, púið, kjaftið og segið brandara. Sem þú situr þarna á sundlaugarbökk, með velgu og svima, sérðu bregða fyrir stöku reykhring, krökkum í sleik, og vinkonu þinni. Það glittir í hana, liggjandi afvelta á hörðum trébekk.

„Er í lagi með þig?“ spyrð þú.

„Lofið mér að deyja í friði,“ stynur hún.

Þegar þú kemur skjögrandi heim seint um kvöldið tekur þú andköf og kaldur sviti sprettur út á þér. Nasi, barnahesturinn þinn, liggur á hliðinni í brekkunni á bak við hús, baðaður í kvöldsólinni. Glansandi blautur með galopin augu, þungan andardrátt og froðu í nösum. Dýralæknirinn stumrar yfir honum. Pabbi þinn, mamma, bræður og afi líka. Lyktin af gufunni frá Nasa og hrossameðali eykur enn á vanlíðan þína.

Nasi, jarpur með hvíta stjörnu í enni og hvítan blett á nös. Nasi, sem hét í raun og veru Stjarni en var bara kallaður Nasi. Vinur sem bar þig út um mela og móa yfir mýrar og svell. Í öllum veðrum. Brokkarinn sá. Var felldur.

En vinkona þín er hvergi nærri af baki dottin og reykir enn. Í pleðurbuxum með fjólublátt passíuhár og kantaðar svartar augabráunir sem eru eins og torkennilegir aukahlutir í andlitinu og minna einna helst á Spánarsnigla eða seli. Hún er rekur útibúið á staðnum og fer mikinn á fésbókinni. Þau hjónin komust yfir kvóta þegar togarinn var seldur og eiga glæsilega íbúð á höfuðborgarsvæðinu með gólfsíðum gluggum mót norðri og fara árlega til Tene og á skíði í ítölsku ölpunum.

Salthúsið á Höfðanum ofan við gamla frystihúsið, þar sem þið vöskuduð fisk með ömmu heimsfrægar indíkrúthljómsveitar sem var svo bogin af striti að hún smellpassaði við keríð, er orðið hótél með stórkostlegu útsýni yfir flóann. Umbúðageymslan og skreiðarvinnslan eru nú alþjóðleg listamiðstöð, bernskuheimili þitt hýsir heimagistingu og mörg hús eru frístundabústaðir brottfluttra þorpsbúa. Ferðamennirnir eru farnir. Flest úr síldartorfunni fluttu burt. Þú líka.

## Hverfissteinninn

Hún opnar augun hægt og rólega, hvar er hún eiginlega? Bekkurinn sem hún liggur á er steypdur í gólfið og þunn dýna ofan á honum, koddur undir höfðinu og teppi ofan á henni. Hún er í öllum fötum nema kápu og skóm, hún hafði verið mjög fín í hnésíðum kjól með hvítum kraga, sokkabuxum og hælaskóm, þó ekki pinnahælum. Nú lítur hún í kringum sig. Það er enginn gluggi, bara einar dyr og klefinn er lítill. Hún er þyrst og þegar betur er að gáð sér hún að það er bjalla ofarlega á veggnum og ákveður að ýta á hana.

Þær Strúna og Sillý höfðu ætlað að halda upp á heimkomuna með því að fara á ball um kvöldið í Þórscafé eða jafnvel á Röðli. Fyrst þurfti þó að koma við í Ríkinu á Lindargötunni og kaupa eina vodkaflösku til að hita upp fyrir fjörið. Þegar þangað var komið rak Strúna augun í flösku af Southern Comfort sem stóð þar uppi í hillu og vildi endilega kaupa hana líka. Með þetta skunduðu þær svo heim til Strúnu vestur á Nesi og um miðjan dag þegar þær voru búnar að snyrta sig og komnar í sitt fínasta dress gátu þær loks sest niður og fengið sér af veigunum. Það varð úr að eingöngu var opnuð flaskan með „suðrænu sælunni“ og drukkið af þeim görótta drykk. Síðan var bara spjallað um hitt og þetta. Þannig leið tíminn mjög fljótt og alltaf lækkaði í flöskunni. Brátt var kominn tími til að hugsa sér til hreyfings og að komast á ballið, það var því hringt á leigubíl. Þegar þær gengu niður stigann fann Strúna, sú sem þarna bjó, að hún var orðin talsvert drukkin en í stað þess að verða bara eftir druslaðist hún með út í leigubílinn. Síðan var keyrt beina leið á Röðul en þegar þangað var komið sagði Sillý að það þýddi ekkert fyrir hana að reyna að komast inn og stillti henni bara upp við vegg fyrir utan dyrnar meðan hún fór að hitta einhvern sem þar var staddur inni. Það síðasta sem Strúna sá áður en hún lognaðist útaf var „svarta María“ - löggubíll sem lagt var á stéttinni beint fyrir framan hana, síðan ekkert meir. Þannig týndist tíminn.

Það er eins og við manninn mælt að í lúgunni á hurðinni birtist andlit konu, hún leyfir henni að fara á klósett og gefur henni líka glas af vatni. Þú varst komin hingað snemma, upp úr klukkan níu í gærkvöldi og núna er klukkan fjögur að nóttu segir konan, en það má því miður ekki hleypa þér út fyrr en klukkan átta í fyrramálið. Það er í lagi, segir stúlkan, ég fer þá bara að sofa aftur. Hún tekur líka eftir því að að mjög margir skór eru í ganginum fyrir framan allar dyr, það hefur víst verið mikið að gera á þessu „hóteli“ í nótt.

Þegar hún vaknar aftur er klukkan orðin átta og konan hleypir henni út. Síðan þarf að sinna skýrslugerðinni, konan afhendir henni veski og aðra muni sem höfðu verið í því og úr, hálsfesti og hringa. Ekkert vantar og allt er vandlega skráð, bæði munir og peningar, bæði íslenskir og gjaldeyrir sem var í veskinu. Hún fer í kápuna og skóna, síðan er henni hleypt út. Mikið er hún nú fegin því

að dyrnar eru ekki að framanverðu heldur opnuðust út í portið bakatil, þaðan getur hún laumast óséð og komið sér heim. Verst hvað hún getur verið mikill hænuhaus. Þvílíkt og annað eins vesen.

Þetta hafði svo sem ekki miklar afleiðingar fyrir hana en nokkru síðar kom bréf í póstkassann heima hjá henni. Það var sekt fyrir „ölvun á almanna færi“ eins og stóð í bréfinu. Þetta var umtalsverð upphæð sem hún borgaði með glöðu geði. Henni þótti það ekki mikil fjárútlát fyrir að gista á öruggum stað í svona ósjálfbjarga ástandi. En þessi svokallaða vinkona hennar sem hafði ætlað með henni á ballið byrjaði strax að skammast næst þegar þær hittust, yfir því að hún hefði ekki beðið eftir sér rétt á meðan hún hljóp snöggvast inn á Röðul að hitta bróður sinn. Þegar hún svo heyrði allan sannleikann hló hún bara eins og brjálæðingur og fannst þetta voða fyndið. Svo röflaði hún eitthvað um að það hefðu fleiri af skipsfélögunum gist á þessu fína hóteli þessa nótt. Já, þeir eru víst margir hænuhausarnir hugsaði Strúna, en sagði ekki neitt. Hún vissi af biturri reynslu að ekki borgaði sig að rökræða við Sillý sem alltaf vildi hafa síðasta orðið. En þetta var í öllu falli í fyrsta og einnig síðasta sinn sem hún gisti slíka stofnun. Hún lét þessa reynslu sér að kenningu verða og fór að passa betur upp á í hvaða félagsskap hún var og reyna að venja sig á betri siði.

## Gamli maðurinn

Gamli maðurinn sat við eldhúsborðið og horfði út um hornluggann. Stór og sterkbyggð höndin haldi nærri því kaffikönnuna hans og honum þótti ylurinn góður, hann naut þess hvernig hann læddist upp eftir handleggnum og við hvern sopa blómstraði ylurinn í beinaberu brjósti hans. Undan uppbrettri rauðköflótttri skyrtunni stóð trosnuð ermi nærbolsins og á henni mátti sjá afrakstur erfiðisvinnunnar sem hann hafði unnið um þennan napra morgun, svitabletti og moldarskit. Gamli maðurinn greip lifrarpylsusneið af disk, braut hana í tvennt og stakk upp í sig öðrum bitanum. Hann tók upp lifrarpylsu-mylsnu með fingurbroddi af snjáða plastdúknum sem haldi borðið, dúknum sem einu sinni hafði verið rauður eins og blóð verkamannanna sem streymdi í stríðum straumi fyrir betri veröld í sósíalísku löndunum. Nú var öldin önnur og blóðið upplitað og horfið. Nú voru einungis svartar sálir auðvaldssinnanna til og þær fitnuðu eins og púkin á fjósbitanum í bölbænaflaumi auðhyggjunnar. Þetta var svo sannarlega breytt veröld. Gamli verkamenn þurftu enn að vinna í sveita síns andlits og nutu lítils af. Hann var þó heppinn með að halda heilsunni, o jú, jú.

Hann leit snögglega til vinstri hliðar, fannst hann verða var Stínu sinnar að slengja grautardisknum á borðið fyrir hann. En á borðinu stóð enginn grautar-diskur, bara hálfótur kanelsykurstaukur og diskur með lifrarpylsusneiðum. Og hún Stína var löngu farin frá honum, þótt hún væri nærri. Hann leit aftur út um gluggann og nú í kirkjugarðinn fyrir austan hús. Hún var ekki svo langt frá, blessunin. Það brakaði í gömlum trébekknum þegar hann andvarpaði og hallaði sér aftur á bak. Það kom far á óhreint handarbakið þegar hann hafði strokið því eftir vanganum. Svona hafa nú tár alls kyns gildi, o jú jú.

Hann lokaði augunum andartak og heyrði róandi tikktakkið í eldhúsklukk-unni. Hann heyrði næstum því Stínu sína vera að ganga frá pottum, pönnum og diskum á meðan hún sönglaði lágt með sér án þess að hægt væri að greina orðaskil. Hann brosti með sjálfum sér þegar hann fann söknuðinn rísa innra með sér. Nú styttist fjarlægðin á milli okkar, Stína mín. Og best að klára verkið sem hófst svo snemma í morgun, þennan kalda og napra morgun.

Hann tæmdi kaffikrúsina sem hann hafði sogið allan ylinn úr og lagði undirskál yfir diskinn með lifrarpylsusneiðunum til að hylja þær fyrir spikfeitum fiskiflugunum sem bjuggu allt árið um kring í þessu litla vinalega eldhúsi. Hann mjakaði sér af bekknum og stóð upp, gekk að vaskinum og setti kaffikrúsina í hann og gekk svo út. Vinnan bíður ekki. Og hún göfgar manninn, heyrði hann Stínu sína svara til baka.

Þegar hann gekk áleiðis að moldarbingnum þar sem skóflan stóð þráðbein og beið hans, tók hann eftir svartklædda manninum sem virtist bíða hans. Er

nú karlinn að fara að kvarta undan hægagangi, velti gamli maðurinn fyrir sér og fór sér að engu óðslega. Þegar hann kom að skóflunni, bauð hann manninum góðan daginn og kippti henni upp. Hann sneri sér undan og stökk ofan í grunnan skurðinn og hélt áfram að moka til að dýpka skurðinn. Svittinn fyllti hrukkurnar á enninu og rann eftir þeim niður grannar kinnarnar. Gamli maðurinn þurfti að taka sér hvíld annað slagið til að þurrka framan úr sér með erminni, svo fólk myndi ekki að halda að hann væri að gráta. En sannleikurinn var samt sá að það læddust með nokkur tár þegar hann hélt að enginn sæi til. Ekki að það væri eitthvað fólk í kring um hann. Svartklæddi maðurinn var jú enn þarna en annars sá hann engan. En hann vissi sem var að þegar hann komst í vinnuham, þá tók hann ekki svo mikið eftir umhverfinu, það eina sem fyllti hugann var að vinna og vinna vel. Því var betra að vera viðbúinn og láta ekki sjá sig grátblautan í andlitinu.

Hann hugsaði til þess að þetta erfiði væri hjóm eitt hjá því að fá hana Stínu sína aðeins nær sér. Það var ekki oft nú á dögum sem presturinn leitaði til hans en þegar grafarinn er handleggsbrotinn, þá er leitað til vanra manna. Vandaðra manna, eins og sá svartklæddi hafði komist að orði. Og gamla manninum stóð málið nærri, það var ekki oft sem það þurfti að færa grafir til og Stína hans myndi liggja nær húsinu þeirra, nær honum. Auk þess gæti kirkjan greitt honum eitthvað smáræði fyrir vinnuna. Gamli maðurinn hafði ekki sýnt það þá en honum þótti vænt um að vera beðinn um þetta. Og hann hefði alls ekki viljað að neinn annar byggi Stínu sinni lokahvíluna. Hann ákvað að taka sér hlé og klöngraðist upp úr rúmlega metra djúpri gröfinni. Hann skimaði um eftir þeim svartklædda og gekk í átt til hans.

Síra Magnús, er þetta nógu djúpt? En það var ekki síra Magnús sem sneri sér við. Svartklæddi maðurinn gekk til hans og kinkaði kolli.

Þetta er nóg, o jú jú. Hann lagði hægri höndina á öxl gamla mannsins og brosti. Bak við svartklædda manninn sá hann í Stínu sína, unga, glaðlega og kvika. Honum brá. Svartklæddi maðurinn hló við. Nú er engin fjarlægð á milli ykkar Stínu þinnar lengur, Guðmundur minn. Og þú átt hvíldina skilið, vinur.

## Kyrrðin í þögninni

Ég lagði eyrað að hurðinni og reyndi að hlusta á hljóðin að innan. Ekkert nema þögnin svaraði. Ég fann fyrir miklum létti, þetta yrði góður dagur. Rólega opnaði ég hurðina, sem lét í sér heyra með lágu ískri. Ég hengdi síðan lyklakippuna á hankann. Það var mjög mikilvægt, mamma hafði itrekað það mjög oft, næstum á hverju kvöldi. Ég passaði alltaf þegar ég fór út að setja lykilinn í sama vasann á úlpunni og renna fyrir. Ekkert annað mátti fara í þennan vasa.

Ég losaði reimarnar á skónum og raðaði þeim vandlega í skóhilluna, setti úlpuna á herðatré og húfuna og vettlingana í skúffuna. Ég passaði að taka töskuna inn í herbergið mitt, það mátti alls ekki skilja hana eftir í forstofunni. Til öryggis leit ég yfir gólfíð og sá að forstofugólfíð var autt, ég mátti ekki gera nein mistök. Áður en ég gat fengið mér að borða, þá leit ég inn í öll herbergi til að vera viss um að enginn væri heima. Ég hafði rétt fyrir mér, húsið var tomt alveg eins og ég vildi hafa það.

Einmana bananar lágu í ávaxtaskálinni og voru þeir orðnir næstum alveg brúnir. En það varð að hafa það. Ég smurði mér tvær brauðsneiðar með bananasneiðum og hlustaði á þögnina. Á meðan ég tuggði brauðið flögruðu hugsanirnar í burtu ásamt áhyggjunum. Kyrrðin var yndisleg og lét mann gleyma stað og stund. Tímann þar til pabbi kæmi heim þyrfti ég að skipuleggja. Ég þyrfti náttúrulega að vaska allt upp eftir mig og setja það á réttan stað. En hvað myndi ég gera svo? Í mesta lagi hafði ég þrjá klukkutíma, í minnsta lagi einn og hálfan. Ég gat aldrei verið viss. Einu sinni var það alltaf eins, ég hafði fjóra tíma áður en nokkur kom heim. En allt í einu breyttist það og ég gat aldrei verið öruggur um tímann sem ég hefði nákvæmlega, nema undanfarið var tíminn sem ég gat verið einn heima alltaf í styttra lagi. Þess vegna reiknaði ég alltaf bara með einum klukkutíma til öryggis, eftir það yrði ég að vera kominn inn í herbergi áður en pabbi kæmi heim úr vinnunni.

Það myndi aldrei koma fyrir aftur það sem gerðist í fyrsta skiptið þegar pabbi kom fyrr heim og ég var í miðjum Tomma og Jenna. Hljóðið í sjónvarpinu hafði verið aðeins of hátt þannig að ég heyrði ekki ískrið í útidyrhurðinni, aðeins hurðaskellinn og ég vissi strax hver var kominn. Ég slökkti á sjónvarpinu eins hratt og ég gat og reyndi að hlaupa inn í herbergi en mætti honum þá á ganginum. Ég sá strax á svipnum hans að hann var í sínu erfiða skapi eins og mamma kallaði það. Við mynduðum aðeins augnsamband í skamma stund og hann þurfti ekki einu sinni að segja neitt, hjartað fór á fullt og ég hélt það myndi springa. Mig langaði að hverfa ofan í gólfdukin og hætta að vera til. Einu orðin sem hann gaf frá sér voru : „Farðu frá, krakkaaumingi!“ og ýtti mér í vegginn. Sár stingur blossaði upp í öxlinni, en frá mér heyrðist ekki múkk. Ég hljóp undir eins inn í herbergi og undir sæng. Eftir smá stund heyrði ég hátt

hljóðið í sjónvarpinu og klikkið í dósinni þegar hún var opnuð. Sölt tárin byrjuðu leka niður heitar kinnarnar.

Núna, ef ég ætlaði að horfa á sjónvarpið, passaði ég alltaf að hafa það á lægsta styrk, með puttann tilbúinn á takkanum á fjarstýringunni til að slökka. Ég færði líka stólinn aðeins nær hurðinni svo að ég væri tilbúinn ef eitt-hvað gerðist.

Þessi dagur var ágætur, ég náði að horfa á nokkra þætti og gera heimalærdóminn áður en ég fór inn í herbergi. Hálf tíma síðar hljómaði ískrið eins og viðvörðun og stuttu seinna kom skellurinn í hurðinni. Sjónvarpið byrjaði að óma út um allt hús og að lokum heyrðist klikk. Ég fór undir sæng og sofnaði.

Óskrin og rifrildið vakti mig af værum svefni, sem var vanalegt þegar mamma kom heim úr vinnunni. Ég tók fyrir eyrun og reyndi að sofna aftur. Ég vaknaði við að mamma strauk mér um hárið. Það var myrkur úti, en ljósastaurinn lýsti aðeins upp andlitið hennar. Annað augað var hulið skugga, ég settist upp og tók utan um blautan vanga hennar. „Ég elska þig svo mikið, litli strákurinn minn. Klæddu þig aðeins betur, við ætlum að fara í heimsókn til ömmu.“ Bláa flíspeysan lá í kuðli á mottunni, ég skellti mér í hana og fylgdi mömmu síðan hljóðlega inn í forstofu. Ég sá Batman bakpokann minn á gólfinu, úttroðinn, og uppgötvaði að þetta yrði engin stutt heimsókn hjá ömmu. Þetta ferðalag um nótt kom mér ekkert svo á óvart því að þetta hafði gerst nokkrum sinnum áður. En einhvern veginn fékk ég á tilfinninguna að þetta yrði aðeins öðruvísi en áður.

Í bílnum sagði mamma ekki neitt og ég ekki heldur. Mamma var eins og ég, við elskuðum þögnina, hún huggaði grátinn í sálinni. En þessi þögn var öðruvísi, ekki huggandi heldur þrúgandi. Ég fann hversu örmagna mamma var, eins og allt líf hefði verið sogið úr henni. Ég þorði ekki að segja neitt, ég var líka hræddur um að ég myndi segja eitthvað vitlaust því að hún virtist svo viðkvæm, eins og hún væri við það að brotna. Þegar við komum til ömmu voru engin orð sögð. Amma leit strax á annað augað hennar mömmu og byrjaði að tárast. Hún tók utan um dóttur sína og það var eins og tíminn hefði stoppað. Loks horfði hún niður á mig og faðmaði mig líka þétt að sér. Lyktin hennar ömmu umlukti mig eins og varnarskjöldur. Meðan ég fann þessa lykt gat ekkert hræðilegt gerst. Endalausí hnúturinn í maganum byrjaði að losna, þó það væri bara í smástund.

Mamma kom inn til ömmu en ég fann á mér að hún myndi ekki gista. Hún reyndi að svæfa mig en fór svo með ömmu inn í eldhús og ég heyrði bara daufar raddirnar. Eftir svolitla stund heyrði ég dyrnar opnast og lokast.

Um morguninn bakaði amma uppáhaldið mitt, pönnukökur, og reyndi að gefa mér allt til þess að láta mér líða betur, en það var aldrei langt í áhyggjusvipinn hjá henni. Laugardagurinn var heila eilífið að líða, sama hvað ég gerði virtist tíminn ganga afturábak. Útvarpið spilaði endalaust í bakgrunninum á meðan

amma var að bardúsa í eldhúsinu. Á meðan reyndi ég að lesa bók, en ég hætti um leið því ég gat engan veginn haldið einbeitingu. Afi reyndi líka að kenna mér að leggja kapal en ég gleymdi öllu um leið. Á endanum fórum við afi inn í stofu og kveiktum á sjónvarpinu. Fyrr en varði var afi byrjaður að hrjóta í hæginda-stólnum sínum. Ég teygði mig í fjarstýringuna og lækkaði hljóðið ósjálfrátt. Í kvöldmatnum rékti þögn, afi reyndi alltaf að byrja á einhverju umræðuefni en það lognaðist fljótt út af. Ég fór að háttu og lagðist upp í rúm, amma settist hjá mér á rúmstokkinn á meðan ég reyndi að sofna. Um nóttina var ég alltaf að vakna í svitabaði og dreymdi martröð eftir martröð. Sunnudagsmorgunninn rann loksins upp og ég var farinn að sakna mömmu og hlakkaði til að sjá andlitið hennar.

Seinnipartinn hringdi síminn. Ég heyrði ekki hvað var sagt, og amma svaraði engu og starði bara út í loftið, stjörf. Afi tók af henni símann og lagði hann að eyranu. Hann tók utan um ömmu og byrjaði að hágráta. Ég vissi ekki hvernig ég átti að láta, ég hafði aldrei séð afa gráta. Eftir smástund sagði afi mér hvað hafði gerst. Orðin bárust að eyrunum en ég skildi þau ekki, ég gat ekki meðtekið þau. Orðin náðu ekki að hjartanu, því það vildi ekki hlusta. Ég myndi aldrei sjá mömmu aftur og ég vildi ekki sjá pabba aftur. Það eina sem var algjörlega öruggt, var að enginn myndi meiða mömmu, aldrei aftur.

## Pepsi

Yfirleitt er ég á undan tilkynningunni „Góðir farþegar, nú lækkum við flugið...” til að lyfta borðinu og festa sætisólar og oftast er ég nýbúinn að stinga fartölvunni í svörtu hliðartöskuna þegar gjallandi kveðjan berst um kallkerfi vélarinnar. Venjulega næ ég að lygna aftur augunum og hvíla um stund annars stífan hnakkann til að njóta lokaorðanna: „velkomin heim.“ Skilaboð sem nær undantekningarlaust senda mig norður í Skagafjörð en hvergi annars staðar er meira heima en þar. Dvel þar of sjaldan. Reikna snöggvast út að gamni mínu en þó til gremju að ég verji meiri tíma í háloftunum en í Fagranesi. Það væri áhugavert að slá þessu upp í excel, hugsa ég um leið og harkaleg lendingin kippir höfðinu á mér fram og þegar ég gægist út um egglega gluggann blasir grámóskuleg umgjörð flugvallarins við. Jólin verða þá sennilega rauð.

Stend röggssamlega upp undir fyrsta klikki farangurshólfanna og nýti mér þann forgang sem við Sagaklassgestir höfum. Göngum ávallt fyrstir frá borði rétt eins og okkar bíði stærri og mikilvægari verkefni en hins almenna farþega sem fær þó, ef framarlega situr, að berja elítuna augum. Vildi glaður ganga héðan síðastur út, þótt á Þorláksmessu sé, en venju samkvæmt set ég undir mig hausinn og læt sem framtíðin öll bíði í ofvæni eftir mér. Hið innra líður mér frekar sem fremsta syrgjanda í jarðarför og gott ef ekki að ég greini samhryggð í mænandi augum meðfarþega minna sem tvístígandi bíða eftir langþráðri jarðtengingu. Þar erum við þó á sama báti.

Þegar ég á aðeins þrjú skref eftir innan vélar heyri ég rödd hennar.

„Gleðileg jól, Merry Christmas!”

Undrandi lít ég upp og mæti geislandi augnaráði Sólveigar undir kasketi flugfélagsins. Rétt eins og mér er henni brugðið.

„Nei, sæll,” segir hún og endurheimtir brosið snarlega.

„Blessuð,” segi ég og nem ósjálfrátt staðar og finn um leið hvernig flaska í friðhafnapoka slengist frekjulega í aftanvert lærið á mér.

„Gaman að sjá þig,” segi ég allt of hátt og opinbera þannig geðshræringu mína.

„Sömuleiðis,” segir hún og horfir greindarleg í gegnum mig.

Við vorum saman á fyrsta ári í verkfræðinni og það er henni að þakka að ég komst í gegnum stærðfræðigreininguna. Eiginlega kynntumst við fyrir tilviljun. Í byrjun hausts var árgangurinn nokkuð fjölmennur en fljótlega eftir að heimaðæmin helltust yfir fór að fækka í hópnum. Að leysa dæmin varð mörgum okkar ofviða, þar á meðal mér. Það var svo eitt kvöldið þegar ég sat frameftir uppi í skóla og rembdist við að skilja mér nær óskiljanlegt torf sem ég fyrst tók eftir henni. Það er reyndar ekki alveg rétt. Í um hundrað manna hópi hafði hún þá þegar vakið athygli mína með einstökum þokka sínum en

þetta kvöld þegar ég virti hana fyrir mér í laumi, gerði ég mér grein fyrir því að hún minnti mig á Guðbjörgu ömmu, manneskju sem ég mest allra lít upp til. Við sátum hvort á sínu borðinu og mér varð skjótt ljóst að getu okkar í stærðfræði væri vart saman að jafna þar sem blýantur hennar hvíslaði ákaft tölum og táknum á blað á meðan ég eyddi mestum tíma í að stroka þjösnalega út máttlitlar tilraunir til réttra svara.

Fljótlega stóð ég mig að því að fylgjast með hverri hreyfingu hennar með meiri athygli en ég nokkru sinni hafði sýnt náminu. Annað slagið sagði hún eitthvað við sjálfa sig, hikaði, dæsti og klappaði svo með vinstri hendi á ennið á sér, rétt eins og hún væri að slá á stauk með samanklesstu salti. „Ah, auðvitað, bjáni ertu,” man ég að hún hálfhvíslaði í eitt skiptið og hélt svo ótrauð áfram. Hæglátt en einbeitt fas hennar dró mig síðar þetta kvöld inn á kaffistofu þar sem ég átti í raun alls ekkert erindi. Hún var að grilla sér samloku og til að sýnast opnaði ég kytrulegan ísskáp okkar nemendanna sem yfirleitt moraði í myglu og afdönkuðu nesti. Hafði aldrei svo mikið sem haft rænu á að stinga þar nokkru inn, enda allt annað en þessi forsjála nestistýpa. Sá þar yfirgefna og einmanalega dós af pepsí og greip hana ófrjálsri hendi í von um að freyðandi vökvinn myndi drekkja umkomuleysi mínu. Um leið og ég fletti flipanum og hleypti áköfum gosstrók út í frelsið með nettum smelli leit hún kímín yfir öxl sér. Ég bar mig mannalega, tók góðan gúlsopa og bældi niður langan ropa með því að halda niðri í mér andanum um stund.

„Ertu nokkuð að drekka pepsíð mitt?” spurði hún spösk með rjúkandi ostasamloku í hendinni. Fann hvernig ég roðnaði, greip fyrir andlitið og óskaði þess að ég væri kominn upp í afdal. Þegar ég loks lét höndina síga og gægðist út milli fingranna var hún búin að skipta samlokunni í tvennt. Svo leit hún skellið hlaðandi á mig og sagði: „Ætli ég verði þá ekki að deila brauðinu með þér líka.”

Ég hef haft það fyrir sið að senda Katrínu konu minni skilaboð stuttu eftir lendingu, nær undantekningarlaust geri ég það á hraðri göngu minni eftir köldum landganginum. Stöðluð og hnitmiðuð: Lentur, hlakka til að sjá ykkur. Í dag, Þorláksmessu, ætti ég að ganga lengra. Spyrja í vinsamlegum upptakti: Eitthvað sérstakt úr friðhöfninni? Eru gaurarnir spenntir? Jafnvel að hengja rautt hjarta við. Þess í stað geng ég inn á skurðstofulíkt salerni, mæti í speglinum flóttalegu augnaráði gráspengds karlmanns, tek af mér gleraugun og þurrka kaldsprottinn svita af enni mér.

Þarna um árið, þetta kvöld, líklega á þriðju samlokunni, sagði Sólveig mér að hún lærði mest á kvöldin af því hún ynni þrjá morgna í viku við að kenna stærðfræði í MH. Þau væru sko að kaupa sér íbúð, hún og kærastinn, læknanemi á öðru ári. Held hún hafi í raun viljað segja, ekki fara að gera þér neinar vonir, minn kæri. Líklega vön aðdáun hins kynsins frá fyrstu stundu hugsaði ég og dró stólinn örlítið til baka. Löngu spjalli og kaldhæðnu gríni okkar þetta kvöld

fylgdum við eftir með þéttri samvinnu allt skólaárið og vináttan óx. Ég tók glósur og mætti í alla tíma á meðan Sólveig leysti dæmin, ég skrifaði skýrslurnar mínar og hennar. Hún var talan, ég var textinn, yin og yang. Ostasamlökur í mislágkúrulegum útgáfum og pepsí var lifibrauð okkar kvöldin fyrir próf þar sem Sólveig af sinni einstöku ósérhlífni og lagni reyndi að troða í mig nógu miklum skilningi á stærðfræði til að ég ætti séns á að slefa í gegn. Sumir í árganginum héldu að við værum þar og einhverju sinni sögðum við í gríni við hóp stelpna að við ættum saman þrjú börn. Veit ekki hvort það var vegna vonarglampans í augum mér eða heiðarleika hennar sem hún leiðrétti það um hæl.

Trúnaðurinn óx með tímanum, við botnuðum ýmist setningar fyrir hvort annað eða hlógum í keng að ósögðum endi kómískra frásagna. „Þú áttir ekki að hlæja strax, leyfðu mér að klára, fíflað þitt,“ var oft viðkvæðið. Það sem við gátum hlegið. Ég hef saknað þess allar götur síðan að vera jafn afslappaður og blátt áfram í félagsskap við konu. Þó er ekki svo að ég hafi ekki að einhverju leyti höndlað hamingjuna. Ég er í tryggri vinnu og með talsverð mannaforráð, á tvo vel lukkaða syni og ábyrga og góða konu. Katrín, sem er finnsk, hefur alla tíð stutt mig í mínu krefjandi starfi og borið hitann og þungann af heimilishaldinu. Fyrir það er ég óskaplega þakklátur. Mig skortir í raun ekkert.

Já, við vorum sannir vinir. Ég gerði við hjólið hennar, hún klippti á mér hárið, ég skipti um tengil á tölvunni hennar og hún var sú eina sem þorði að heimsækja mig þegar ég fékk lungnabólgu. Þvert á ráðleggingar læknaþúðsins.

Það hlaut að koma að því. Gerðist um bjarta vörnótt eftir prófalok þar sem hún hafði fagnað fimmunni minni meira en níunni sinni. Í huga mér fékk hún fjórtán. Við sögðum þúsund sinnum já.

„Í þetta eina og síðasta sinn, þú lofar,“ sagði hún með eld og tár í augum á meðan hún svipti mig úr skyrtunni. Ég játaði hugfanginn því sem mér þótti óumflýjanlegt og hneppti varnarlaus sjálfan mig í nær ævilangt varðhald.

Um sumarið fór ég norður til ömmu. Sólveig fékk góða vinnu í bænum. Ég vann sem berserkur, gekk til fjalla, synti í ám, sótti öll möguleg sveitaböll og drakk ótæpilega. Taldi niður að skólabyrjun í fyrsta sinn. Ó hve lengi, lengi ég beið.

Gat svo engu svarað samstúdentum okkar um fjarveru hennar, viku frá skólabyrjun, tveimur og svo þremur. Spurði einskis og lét sem mér væri skítsama. Snerti ekki símann. Heyrði svo í lok september að hún væri komin í Kennó og ætti von á tvíbúrum með verðandi lækni.

*Allt þetta líf er búið spil, þú ert farin þína leið,* söng ég hástöfum í öllum partýum og frestaði svo hverju prófinu á fætur öðru en endaði einhvern veginn með að drusla mér á afturlöppunum í gegnum fjármálaverkfræðina. Ekki svo mikið sem hjólaði ég fram hjá Kennó hvað þá leitaði ég hana uppi þessa vetur í

bænum. Hafi ég séð henni bregða fyrir taldi ég mér trú um að það væru ofsjónir. Tók masterinn í Kaupmannahöfn og flutti svo beint norður. Katrín setti ekki kuldann fyrir sig.

Sólveig er að teygja sig eftir kippu af Kalda í fríhafnarversluninni og ég læt sem við rekumst saman á ný fyrir tilviljun. Að þessu sinni er bros hennar ekki keypt, ekki innifalið í flugmiðanum heldur einlægt og meyrð og þegar ég lít í augu hennar sé ég flóktandi sársauka. Eða sé ég spegilmynd eigin angistar? Dofinn stend ég hálf álkulegur við hlið hennar, límdur við gólfið og kem ekki upp orði. Á sama tíma og ég veit ekkert um hana, þekki ég hana allt of vel.

„Ertu svo á leiðinni norður?“ spyr hún.

„Já,“ svara ég hugsí.

„Farðu varlega, það á víst að hvesa.“

„Nú jæja,“ segi ég og teygji mig sjálfur í tvær kippur án þess að vita af hverju, ég drekk jú ekki bjór.

Eftir átján ára þögn tölum við um veðrið.

Svo hringsólum við með körfurnar milli rekka og ég gríp eitthvað úr hillunum í fátí. Við ættum að halda um sömu körfuna, hugsa ég í laumi og gef henni um leið gætur þar sem hún stendur hnarreist í röðinni beint fyrir framan mig. Hversu oft hafa ekki læðst að mér álíka hugsanir?

Hrúga allt of mörgum sælgætispökkum þétt upp við stikuna sem skilur líf okkar að. Tek á mig rögg.

„Þú hefur þá vitað að ég byggi fyrir norðan,“ segi ég um leið og ég legg veglega ginflösku á bandið sem ég veit varla hver valdi. Taldi mig vera að kaupa viskí.

Hún svarar ekki en raðar áfengi og snyrtivörum niðurlút í poka.

„Hætt að kenna?“ spyr ég þá og reyni að hljóma kæruleysislega en heyri sjálfur ágengnina í málrómunum þrátt fyrir bankandi æðasláttinn í höfðinu á mér.

„Já.“

„Börn?“

„Já, tvær stelpur, tvíbura.“

„Einmitt,“ segi ég og reyni að mæta augnaráði hennar sem hefur þá þegar lagt á flóttu.

„Það væri áhugavert að sjá myndir af þeim,“ bæti ég of ákveðinn við.

„Heldurðu það?“ segir hún og mænir ofan í pokann.

„Já, það væri bara afskaplega áhugavert.“

„Það var gaman að rekast á þig,“ heyri ég hana segja brostinni röddu um leið og hún gengur á brott með byrðir til hvorrar handar.

Ég elti. Með allt of þunga poka, tölvutöskuna og aðra í eftirdragi geng ég eins stórstíga og mér er unnt á meðan síminn sem enn liggur óhreyfður í hægri

jakkavasanum lemist fruntalega í mjaðmabeinið á mér. Finnst ég vera að leika í danskri kvikmynd, fjölskyldudrama þar sem söguþráðurinn er spunninn úr afgöngum. Mynd sem Katrín myndi velja í máttlausri tilraun til að sameina okkur fyrir framan sjónvarpsskjáinn en ekki gera annað en að svæfa mig á sófanum. Finn fyrir sömu vorkunnsemi gagnvart sjálfum mér og ég hef haft í garð aðal-leikara uppskrúfaðs vandamálaveruleika. Í þessari senu fæ ég þó engu ráðið.

Treð mér í sama hólfi vængjahurðarinnar þar sem örlög okkar um stund eru samstíga.

„Hvað viltu eiginlega?“ spyr hún og þótt hún snúi við mér baki sé ég tárin.

„Ég skulda þér alltaf eina pepsi,“ segi ég lágróma.

